

Skólaráðsfundur þann 27. febrúar 2017.

Fundarmenn: Kristinn skólastjóri, Eva Rut og Tinna Marín, fulltrúar nemenda, Sigurborg fulltrúi kennara, Hulda S. fulltrúi annars starfsfólks skólans og Marsibil aðstoðarskólastjóri. Helga Eyja var með veikt barn og Guðrún Björg fulltrúi foreldra boðaði forföll.

Skólastjóri bauð alla velkomna. Dagskrá fundarins var á þessa leið:

1. Skólaárið 2017-2018
 - a. skóladagatal
2. Skólaárið 2018-2019
 - a. Skóladagatal
3. Samræmd könnunarpróf
 - a. Vorið 2017

Skólaárið 2017-2018

Skólastjóri lagði fram skóladagatal fyrir skólaárið 2017-2018. Einnig lögð viðmiðunarstundaskrá. Það er valkvætt á milli skólanna hvenær byrjað er á því að kenna dönsku. Skólastjóri sagði að það yrði lögð fyrir könnun meðal foreldra í Hafnarfirði hvort þeir vildu hafa vikuleyfi eins og er í Garðabænum, eða 2 sinnum 2 daga. Skipulagsdaginn er settur þann 3. jan. en ekki þann 4. jan. Þá er hægt að hætta einum degi fyrr um vorið. Rætt var um námsviðtölin hvor það eigi að hafa þau í skóladaga í ca. eina – tvær vikur? Einnig þarf að setja inn þemadagana. Fulltrúar nemenda vilja fá list- og verkgreinar aftur inn í stundaskrá hjá 10. bekkjum. Þessir tímar skapa meiri fjölbreytni og brjóta betur upp skóladagana. Þá minnkar valið samhliða þeim.

Sigurborg lagði til að við færum á skíði á öskudaginn, en það er nú reyndar ýmislegt annað þá sem togar í blessuð börnin.

Skólaárið 2018-2019

Byrjað er að huga að því og eru ýmis mál í vinnslu varðandi það.

Samræmd könnunarpróf

Þau fara fram í næstu viku, þ.e. frá þriðjudegi til föstudags. Mikill undirbúningur er fyrir þau, en þau eru rafræn og fara öll fram í tölvustofunni.

Fulltrúum nemenda finnst drengir í bekkjunum þeirra tala of mikið og of lítið gert í því. Einnig er gefinn of mikill skilafrestur á verkefnum að þeirra mati til sumra.

Fleira var ekki tekið fyrir að sinni og fundi slitið.

Næsti fundur verður þann 27. mars kl. 15.00.

Samantekt skráði: Marsibil Ólafsdóttir.